

Úrskurður nr. 2/2012

Kærður er úrskurður Tollstjóra um tollmeðferð heimilistækja sem flutt voru inn sem búslóð. Kærandi gerir kröfu um að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Ríkistollanefnd staðfesti niðurstöðu Tollstjóra.

Með bréfi sem barst ríkistollanefnd 3. maí 2012 kærir A., úrskurð Tollstjóra nr. 9/2012. Í nefndum úrskurði fellst Tollstjóri ekki á að tiltekin heimilistæki, sem kærandi festi kaup á hinn 3. og 4. febrúar sl. í Danmörku falli undir tollfrelsisákvæði 4. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005, sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 630/2008. Kærandi krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og honum endurgreidd álögð aðflutningsgjöld.

I.

Í hinum kærða úrskurði kemur m.a. fram að sendingin hafi borist hingað til lands í sendingu nr. E GOD 14 02 2 DK AAR S002 og innihaldið búslóð kæranda. Tilskilin gjöld voru lögð á nánar tilgreind heimilistæki úr sendingunni við komu hingað til lands. Ákvörðun Tollstjóra um álagningu aðflutningsgjalda á umrædd heimilistæki var kærð með bréfi kæranda dags. 17. febrúar 2012. Í úrskurðinum gerir Tollstjóri grein fyrir helstu rökum kæranda í málinu en síðan segir svo orðrétt:

„Almenn tollskylda hvílir á hverjum þeim sem flytur inn vöru til landsins til endursölu, afhendingar án endurgjalds eða eigin nota eða verður ábyrgur fyrir greiðslu tolla, sbr. 3. gr. tollalaga nr. 88/2005. Undantekningar frá meginreglunni er m.a. að finna í 1. mgr. 6. gr. laganna. Allar undantekningar frá almennri toll- og skattskyldu ber að túlka þröngt og verða því ríkar kröfur gerðar um að skilyrðum þeirra sé fullnægt.

Búslóð manna sem flytjast búferlum hingað til lands eru tollfrjálsar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Viðkomandi þarf til að mynda að hafa átt fasta búsetu erlendis í a.m.k. eitt ár áður en hann fluttist til landsins, sbr. 4. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005. Ráðherra getur með reglugerð takmarkað niðurfellingu samkvæmt þessum lið við notkun, vöruflokka eða hámarksverð að teknu tilliti til dvalartíma erlendis, fjölskyldustærðar og annarra aðstæðna. Í II. kafla reglugerðar nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi er hugtakið búslóð skilgreint og fram koma upplýsingar um almenn skilyrði sem innflytjandi búslóðar þarf að uppfylla til að njóta tollfrelsis. Samkvæmt 15. gr. reglugerðarinnar teljast til búslóða í þessu sambandi heimilismunir, t.d. húsgögn, búsáhöld og aðrir persónulegir munir, sem eru tollfrjálsir við búferlaflutning.

Almenn skilyrði tollfrelsis búslóða eru listuð í 16. gr. reglugerðar nr. 630/2008. Þar kemur fram að undanþága frá greiðslu gjalda af búslóð sé m.a. háð þeim skilyrðum að innflytjandi hafi haft fasta búsetu erlendis a.m.k. samfelld í eitt ár næstliðið ár fyrir búferlaflutning til landsins. Jafnframt er sett það skilyrði að búslóðarmunir séu

notaðir, í eigu innflytjanda og fjölskyldu hans eigi skemur en eitt ár og að þeir séu eingöngu ætlaðir til nota við heimilishald viðkomandi héraendis. Undanþágan tekur þó til ónotaðra búslóðarmuna og búslóðarmuna sem viðkomandi hefur átt í skemmri tíma og ætlar að nota hér á landi, enda sé verðmæti þeirra eigi meira en kr. 140.000.- miðað við smásöluverð á innkaupsstað, sbr. 3. tl. 1. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar. Þá segir að viðkomandi eigi að hafa búslóðina með sér er hann flytur búferlum til landsins eða flytji hana til landsins eigi síðar en 6 mánuðum frá því að hann tók sér bólfestu hér á landi eða öðlast hér lögheimili. Tollstjóri getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á, svo sem ef dvöl manns hér hefur upphaflega verið ákveðin um skemmri tíma en framlengist síðan til varanlegrar búsetu, sbr. 4. tl. ákvæðisins.

Embætti Tollstjóra telur það ekki samræmast tilgangi ofangreindra ákvæða um tollfríðindi búslóða að einstaklingur geti nýtt sér þau til að versla nýja muni á þeim tíma þegar lögheimilisflutningur hingað til lands hefur farið fram. Ljóst er að kærandi öðlaðist lögheimili hér á landi þann 16. júlí 2011. Sé miðað við að innflutningur á hinum tollfrjálsu heimilismunum verði að hafa átt sér stað innan sex mánaða frá þeim degi sem kærandi öðlaðist hér lögheimili, hefði frestur til að nýta tollfríðindi skv. 16. gr. reglugerðar nr. 630/2008 verið til 16. janúar 2012. Tollstjóri getur veitt undanþágu frá ofangreindum tímamörkum þegar sérstaklega stendur á, en í tölvupósti kæranda til Tollstjóra dags. 13. janúar s.l. var óskað eftir fresti. Ekkert hefði verið því til fyrirstöðu að embætti Tollstjóra veitti umbeðinn frest öllu jafna. Mál þetta lýtur hins vegar að þeim munum sem keyptir voru eftir þessa dagsetningu. Samkvæmt reikningum sem embættið hefur undir höndum eru þeir munir sem ágreiningur stendur um varðandi álagningu aðflutningsgjalda allir keyptir á tímabilinu 3. og 4. febrúar 2012. Embætti Tollstjóra getur því ekki fallist á að umræddir munir falli undir ákvæði 4. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005, sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 630/2008.“

Með vísan til þess sem að ofan er rakið staðfesti Tollstjóri með úrskurði skv. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005, ákvörðun um álagningu aðflutningsgjalda á sendingu nr. E GOD 14 02 2 DK AAR S002.

II.

Í kæru sinni til ríkistollanefndar lýsir kærandi niðurstöðum framangreinds úrskurðar Tollstjóra, atvikum og aðdraganda þess að hann flutti til landsins ásamt fjölskyldu sinni. Þar segir m.a. svo:

„Samkvæmt gögnum sem tollstjóri hefur undir höndum er ljóst að kærandi setti búslóð sína í geymslu í Danmörku í byrjun júlí 2011. Þá flytur kærandi ásamt fjölskyldu sinni til Íslands frá Danmörku í það sem átti að vera til skamms tíma, enda hefði kærandi tekið búslóðina heim þá í stað þess að borga kostnað af henni í DK ef hann hefði vitað á þeim tíma að hann færi ekki aftur til DK. Þegar búslóðinni er komið fyrir í slíkri geymslu í DK er það þekkt fyrirbæri hérna í Danmörku að ekki er hægt, með góðu móti, að geyma raftæki þar sem rakastig er miklu hærra í Danmörku en þekkist á Íslandi og séu slík tæki ekki í geymslu í almennilegu einangruðu húsi og

tengd við straum skemmast þau afar hratt. Því voru þessi tæki seld og tekin ákvörðun um að kaupa slík tæki þegar á þyrfti að halda.

Á þessum tíma er eiginkona kæranda ófrísk og því nauðsynlegt að þau séu skráð í landinu strax svo þau njóti réttinda innan heilbrigðiskerfisins og almenns tryggingarkerfis og því gera þau það við komuna til landsins 16. júlí sl. Kærandi hefur þá strax samband við Bifröst háskóla sem og háskóla sinn í DK að leitast þess að fá að klára nám sitt við VIA háskólann í Horsens, Danmörku í fjarnámi. Slíkt er þó ekki ljóst fyrr en um áramót 2011/2012. Kæranda var fullljóst að hann yrði að taka búslóð til landsins innan 6 mánaða frá komu til landsins skv. 16. gr. reglugerðar nr. 630/2008, því þegar það loksins var orðið ljóst að kærandi þyrfti ekki að snúa aftur til DK til þess að klára nám sitt gerir hann viðeigandi ráðstafanir í að koma búslóð sinni til landsins og búa fjölskyldu sinni varanlegt heimili hérlendis.

Hann leitar því til Tollstjóra með bréfi sínu, sem áður er nefnt í niðurstöðu Tollstjóra sem er listaður hér að ofan, dagsettu 13. janúar að hann fái undanþágu að koma með búslóð sína síðar sökum aðstæðna sinna og fær slíka undanþágu veitta skv. 16.gr. reglugerðar nr. 630/2008. Samkvæmt niðurstöðu kærunnar kemur fram orðrétt „ekkert hefði orðið því til fyrirstöðu að embætti Tollstjóra veitti umbeðinn frest öllu jafna. Mál þetta lítur hins vegar að þeim munum sem keyptir voru eftir þessa dagsetningu“. Kærandi telur að á sér hafi verið brotnar reglur þegar honum var veitt umbeðin undanþága skv. 4. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 630/2008, en í þeirri grein kemur ekki fram að til þess að njóta ákvæðis 3. mgr. 16. gr. reglugerðar 630/2008 sé nauðsynlegt að nýir munir séu keyptir áður en umræddur frestur renni út, né uppfyllti tollstjóri, að kæranda finnst, nauðsynlega upplýsingaskyldu sína að upplýsa kæranda að hann mætti ekki nýta sér þetta ákvæði reglugerðarinnar eftir að undanþága er samþykkt. Telja má eðlilegt sér í lagi þegar horft er til þess að kærandi var þegar búinn að selja fyrri muni skv. skýringum sem raktar voru hér að ofan að hann mætti nýta sér ákvæði 3. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 630/2008 og kaupa muni sem vissulega falla undir þetta ákvæði og teljast samkvæmt 15. gr. reglugerðar nr. 630/2008 sem búslóð. Virðist Tollstjóri í niðurstöðu sinni í kærumáli þessu ekki neita fyrir að hafa veitt umbeðna undanþágu en fellir dóm sinn, og fær staðfestan út frá forsendum sem hvergi eru skráðar í lög né reglugerðum og er það kæranda með öllu óljóst hvernig slík túlkun hefur fengist. Samkvæmt þeim gögnum sem kærandi lagði til og öllum þeim upplýsingum sem Tollstjóri hefur undir höndum ætti það að vera með öllu ljóst að kærandi er einungis að flytja inn búslóð til eigin nota og er með nýja muni sem þó er með öllu leyfilegt samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 630/2008 og brýtur kærandi engar reglur sér vitandi. Hins vegar virðist Tollstjóra í þessu máli vera frjálst að veita umbeðna undanþágu en þó ekki að fullu og upplýsa ekki kæranda um þá takmörkun sem hann hafði á innflutningi sínum og þætti mér viðeigandi að Tollstjóri vísi í slíka takmörkun í lögum og reglugerð sem ég tel að hann hafi ekki gert í máli þessu.

Kærandi fer því erlendis að koma búslóð sinni í gám og nýtir sér ákvæði 3. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 630/2008 og kaupir sér þau rafmagnstæki sem hann vantaði í búslóð sína enda heimilt að gera það skv. reglugerð nr. 630/2008 og sannast þykir

samkvæmt farmskrá sem tollstjóri hefur þegar undir höndum að ekki voru slíkir munir í gáminum aðrir en þeir sem um ræðir í kæru þessari og keyptir voru nýir á tímabilinu 3. og 4. febrúar. Telur kærandi að honum hefði átt að vera gert ljóst af hálfu tollstjóra eða skv. tollalögum eða reglugerðum að hann mætti ekki kaupa þessa muni áður en búslóð var send heim til Íslands frá Danmörku. Það var hins vegar aldrei ljóst og taldi kærandi sig ekki vera að gera neitt annað en að uppfylla þær kröfur og skilyrði sem tollstjóri setur um innflutning búslóðar.“

Að lokum tekur kærandi fram að hann telji sig hafa með óyggjandi hætti sýnt fram á að innflutningur hans á fyrrgreindri búslóð hafi verið skv. tollalögum nr. 88/2005 sem og reglugerð nr. 630/2008 og hann hafi ekki brotið neinar reglur. Þá hafi honum verið veittur umbeðinn frestur. Ennfremur sé því Tollstjóra óheimilt að setja kvaðir á undanþágu þá sem veitt hafði verið, enda engar slíkar kvaðir skráðar í reglugerðir né lög, aðrar en þær sem áður hafa komið fram í máli þessu. Að lokum segir svo orðrétt í kærinni:

Samkvæmt niðurstöðu segir Tollstjóri orðrétt „Allar undantekningar frá almennri toll- og skattskyldu ber að túlka þröngt og verði því ríkar kröfur gerðar um að skilyrðum þeirra sé fullnægt.“ Tel ég að Tollstjóri beri að uppfylla þau skilyrði líka sem fram koma í lögum og reglugerðum. Telst því framkoma Tollstjóra óásættanlega í máli þessu og fer kærandi fram á að úrskurði Tollstjóra verði snúið og kæranda endurgreidd sú upphæð sem hann hefur þegar innt af hendi til ríkissjóðs sem álagningu aðflutningsgjalda“.

III.

Kæran var send Tollstjóra með bréfi dags 4. maí 2012. Í svari sem barst nefndinni þann 6. júní s.á. segir svo orðrétt:

„Embætti Tollstjóra áréttar að allar undantekningar á almennri toll- og skattskyldu eru háðar þröngri túlkun og ríkar kröfur eru gerðar til þess að skilyrði fyrir undanþágu séu uppfyllt. Af þessu leiðir að skilyrði tollvinnunarákvæði 4. tl. 1. mgr. 6 gr. tollalaga og 16. gr. reglugerðar nr. 630/2008 sem taka til búferlaflutninga verða tvímælalaust að vera uppfyllt svo undanþága fyrir greiðslu aðflutningsgjalda sé veitt.

Þau almennu skilyrði sem tollfrelsi búslóða er háð koma fram í 16. gr. reglugerðar nr. 630/2008. Í 3. tl. ákvæðisins kemur fram að búslóðarmunir skuli vera notaðir, í eigu innflytjanda og fjölskyldu hans eigi skemur en í eitt ár og eingöngu til nota við heimilishald viðkomandi hérlendis. Þó er gerð undanþága ef um er að ræða ónotaða búslóðarmuni og búslóðarmuni sem viðkomandi hefur átt í skemmri tíma og ætlar að nota hér á landi, enda sé verðmæti þeirra eigi meira en kr. 140.000 miðað við smásöluverð á innkaupsstað.

Ágreiningur í máli þessu snýr að þeim munum sem keyptir voru á tímabilinu 3. og 4. febrúar sl. Eins og að framan greinir þá flutti kærandi lögheimili sitt hingað til lands þann 16. júlí 2011. Með vísan í þrönga túlkun undanþáguákvæða telur embætti Tollstjóra það ekki geta samræmst tilgangi og markmiðum 4. tl. 1. mgr. 6. gr tollalaga né 16. gr. reglugerðar nr. 630/2008 að einstaklingur geti nýtt sér þá fríðindameðferð

til að versla nýja búslóðarmuni svo löngu eftir að lögheimilaflutningur hingað til lands hefur átt sér stað. Því geti undanþága á ónotuðum búslóðarmunum skv. 3. tl. 16. gr reglugerðarinnar ekki komið til álita. Það að veittur hafi verið frestur frá 6 mánaða tímarammanum til þess að flytja búslóðina hingað til lands breytir ekki ofangreindu mati Tollstjóra. Einnig bendir embætti Tollstjóra á að eftir atvikum hefði kærandi getað nýtt sér endurgreiðsluheimild virðisaukaskatts út í Danmörku þar sem lögheimilaflutningur hingað til lands var búinn að eiga sér stað þegar hinir nýju munir voru keyptir. Þykir það styrkja enn frekar þá niðurstöðu Tollstjóra að tollfríðindameðferð skv. ofangreindum ákvæðum hafi ekki átt við í þessu máli.

Tollstjóri hafnar þeirri fullyrðingu að leiðbeinarskyldu hafi ekki verið fullnægt í málsmeðferð kæranda. Skýrt er kveðið á um skilyrði fyrir tollfríðindameðferð við búslóðaflutninga í 16. gr reglugerðar nr. 630/2008. Embætti Tollstjóra hafði ekki vitneskju um umræddan varning fyrr en hann barst hingað til lands og engum fyrirspurnum var beint til embættisins áður en innflutningur átti sér stað. Ekki verður því fallist á annað en að Tollstjóri hafi sinnt leiðbeiningarskyldu sinni við málsmeðferð kæranda.”

Tollstjóri krefst þess að hinn kærði úrskurður nr. 9/2012 verði staðfestur.

IV.

Kæranda var send greinargerð Tollstjóra til umsagnar með bréfi þann 11. júní 2012. Í svari sem barst nefndinni í tölvupósti þann 25. s.m. segir orðrétt:

„Vísar Tollstjóri í greinargerð sinni að túlka beri allar undanþágur á mjög þröngan hátt en kærandi vill áréttta að það gefur Tollstjóra ekki ástæðu til þess að bregðast upplýsingaskyldu sinni. Telur kærandi sig hafa lagt fram gögn og sannanir þess eðlis að ljóst væri að kærandi og hans fjölskylda vissu ekki að búferlaflutningur þeirra væri varanlegur, ekki fyrr en nokkrum dögum áður en umræddir 6 mánuðir frá skráningu inn í landið (Ísland) átti sér stað. Því voru kaup á nauðsynlegum húsmunum, sem vissulega voru nýir, ekki búnir að eiga sér stað enda þykir kærandi hafa sannarleg rök fyrir því hvers vegna þeir voru seldir úr búslóð þegar búferlaflutningar áttu sér stað til Íslands í júlí 2011. Einnig bendir tollstjóri á þá staðreynd að kærandi gat nýtt sér þann rétt að fá virðisaukaskatt endurgreiddan af umræddum vörum í búslóð og þykir það styrkja mál sitt á meðan kærandi vill benda á að það hefði hann og allir sem flytja búslóðina inn, eftir að þeir hafa skráð sig inn í landið, innan 6 mánaða frá komu til landsins getað nýtt sér sömu réttindi og því fráleitt að benda á þá staðreynd máli sínu til styrktar.

Að lokum bendir Tollstjóri á að kærandi hafi ekki sent erindi inn til embættisins með fyrirspurn um hvort hann mætti nýta sér umrædd ákvæði tollívilnunar og því hafi embættið ekki brugðist leiðbeiningarskyldu sinni, kærandi vill vísa í fjarstæði þeirri rökfærslu enda getur kærandi ekki séð að hann hafi ekki gert neitt annað en uppfyllt öll atriði tollalaga og reglugerðar og gat ekki undir neinum kringumstæðum sent fyrirspurnir og erindi um málefni sem honum voru ókunn og hvergi skráð, þ.e. hvernig er hægt að gera þá kröfu að kærandi þyrfti að spyrja sérstaklega hvort hann mætti nýta sér tollafríðindi eins og fram kemur í tollalögum og reglugerðum sem í

kæru eru nefndar. Ef túlkun skal vera svo þröng á umræddum tollafríðindum þá ætti embættinu ekki að reynast erfitt að upplista þau ákvæði laga og reglugerðar sem kærandi og aðrir mega ekki nýta sér.

Kærandi fer því fram á að niðurstaða Tollstjóraembættisins nr 9/2012 verði felld úr gildi eins og fram kemur í kæru.“

V.

Í máli þessu er deilt um tollfrelsi nánar tiltekinna heimilistækja, sem voru hluti af búslóð, sem kærandi flutti til landsins hinn 14. febrúar 2012. Óumdeilt er í málinu að kærandi, sem hafði verið búsettur í Danmörku vegna náms í Danmörku, flutti lögheimili sitt til Íslands hinn 16. júlí 2011. Heimilistækin, sem um er deilt í málinu, keypti kærandi í Danmörku hinn 3. og 4. febrúar 2012 eða rúmu hálfu ári eftir að hann flutti lögheimili sitt til Íslands frá Danmörku.

Það er meginreglan skv. 3. gr. og 5. gr. tollalaga nr. 88/2005 að greiða ber aðflutningsgjöld af vörum, sem fluttar eru til landsins. Um undantekningu frá þessari meginreglu er m.a. mælt fyrir um í 6. gr. tollalaga, sem fjallar um tollfrjálsar vörur, sbr. reglugerð nr. 530/2008 um ýmis tollfríðindi. Samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005 er búslóð manna, sem flytjast búferlum hingað til lands tollfrjáls, enda hafi viðkomandi haft fasta búsetu erlendis í a.m.k. eitt ár áður en hann fluttist til landsins. Ráðherra getur með reglugerð takmarkað niðurfellingu samkvæmt þessum lið við notkun, vöruflokka eða hámarksverð að teknu tilliti til dvalartíma erlendis, fjölskyldustærðar eða annarra ástæðna.

Í II. kafla reglugerðar nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi er fjallað um tollfrelsi búslóða. Í 16. gr. er m.a. kveðið nánar á um almenn skilyrði fyrir tollfrelsi þeirra. Samkvæmt 2. tölul. hennar skal innflytjandi og aðrir rétthafar tollfríðindanna, sem taka sér bólfestu hér á landi, vera með skráð lögheimili hérlendis í samræmi við lög um lögheimili. Samkvæmt 3. tölul. skulu búslóðarmunir vera notaðir, hafa verið í eigu innflytjanda og fjölskyldu hans eigi skemur en í eitt ár og eingöngu ætlaðir til nota við heimilishald viðkomandi hérlendis. Undanþágan tekur þó til ónotaðra búslóðarmuna og búslóðarmuna, sem viðkomandi hefur átt í skemmri tíma og ætlar að nota hér á landi, enda sé verðmæti þeirra eigi meira en kr. 140.000 miðað við smásöluverð á innkaupsstað. Fjárhæðin gildir fyrir hvern fjölskyldumeðlim 18 ára og eldri en helmingi lægri fjárhæð fyrir þá sem yngri eru. Loks er í 4. tölul. umræddrar 16. gr. reglugerðar mælt svo fyrir að viðkomandi innflytjandi hafi búslóðina með sér er hann flytur búferlum til landsins eða flytji hana til landsins eigi síðar en innan 6 mánaða frá því að hann tók sér bólfestu hér á landi eða öðlaðist hér lögheimili. Tollstjóri getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á, svo sem ef dvöl manns hér hefur upphaflega verið ákveðin um skemmri tíma en framlengist síðan til varanlegrar búsetu.

Fyrir liggur í málinu að Tollstjóri tók tillit til óska kæranda og veitti honum viðbótarfrest en búslóðin kom eins og áður segir til landsins hinn 14. febrúar 2012 eða tæpum 7 mánuðum eftir að hann skráði lögheimili sitt hérlendis.

Að mati ríkistollanefndar verður að líta svo á að frestir þeir, sem mælt er fyrir um í 4. tölul. 16. gr. reglugerðar nr. 630/2008, eigi aðeins við um flutning búslóðar eins og hún er samansett, þegar búsetu innflytjanda lýkur erlendis. Heimild 3. tölul. sömu greinar til að flytja inn ónotaða búslóðarmuni sé á sama hátt háð því skilyrði að innflytjandi eða

fjölskyldumeðlimur hafi eignast munina þegar hann var búsettur erlendis. Búslóðin verði m.ö.o. ekki aukin með því að bæta við hana nýjum munum eftir að innflytjandi hefur lokið búsetu sinni þar þó búslóðin sé þar í geymslu.

Samkvæmt 1. gr. laga um lögheimili nr. 21/1990 er lögheimili manns sá staður, þar sem hann hefur fasta búsetu. Kærandi skráði lögheimili sitt á Íslandi hinn 16. júlí 2011 og telst því samkvæmt því vera búsettur á Íslandi eftir það tímamark. Frá og með því tímamarki getur hann að mati ríkistollanefndar ekki keypt heimilistæki þar sem hann var áður búsettur, þ.e. í Danmörku, og talið þau með tollfrjálsum hluta búslóðar sinnar, sem beið flutnings frá Danmörku í næstum sjö mánuði eftir að kærandi flutti lögheimili sitt þaðan.

Að mati ríkistollanefndar eru reglur II. kafla reglugerðar 630/2008 um tollfrelsi búslóða og þau skilyrði, sem uppfylla þarf til þess að fá notið þeirra bæði skýr og ótvíræð. Kærandi upplýsti hvorki Tollstjóra um áform sín um kaup og innflutning heimilistækja þeirra, sem um er deilt í málinu né beindi hann fyrirspurnum um hvort heimilt væri að telja þau til búslóðar sinnar frá Danmerkurdvöl sinni. Því verður ekki fallist á það að Tollstjóri hafi brotið gegn reglum um leiðbeiningarskyldu skv. 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Með vísan til þess sem að ofan hefur verið rakið og með hliðsjón af forsendum að baki úrskurði Tollstjóra að öðru leyti er úrskurður hans nr. 9/2012 staðfestur. Með vísan til framanritaðs kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð.

Með vísan til 118. gr. tollalaga nr. 88/2005, 4. tl. 1. mgr. 6. gr tollalaga og 16. gr. reglugerðar nr. 630/2008 með síðari breytingum er hinn kærði úrskurður Tollstjóra nr. 9/2012 staðfestur.